

Verklagsreglur um skólasókn í Heiðarskóla

Grunnskólanemendur eru skólaskyldir samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Á foreldrum hvílir sú skylda að börn sækji skóla. Foreldrar verða að tilkynna um veikindi barna sinna til skólans og sækja um leyfi gerist þess þörf. Kennari hefur heimild til að veita leyfi part úr degi eða í einn dag í senn. Leyfi umfram einn dag þarf að sækja um til skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra.

Umsjónarkennarar senda foreldrum ástundunarpóst einu sinni í mánuði. Ef skólasókn fer niður fyrir 90% á hvorri önn eða í einstökum námsgreinum hafa umsjónarkennarar samband við foreldra. Það á við hvort sem um er að ræða óheimilar fjarvistir, leyfi eða veikindi.

Fari skólasókn nemenda niður fyrir 80% á hvorri önn eða í einstökum námsgreinum hvort sem um er að ræða óheimilar fjarvistir, leyfi eða veikindi lætur umsjónarkennari foreldra/forráðamenn vita að málinu verði vísað til Nemendaverndarráðs. Nemendaverndarráð fjallar um málið og ákvarðar um frekari aðgerðir. Tekið er tillit til langvarandi veikinda eða leyfa vegna ferðalaga. Foreldrar bera þó ábyrgð á námi barna í lengri leyfum og þeir þurfa að leita til umsjónarkennara með námsgögn og verkefni.

Ef barn veikist eftir að skóladagur hefst hringir starfsmaður skólans í foreldri og óskar eftir því að barnið verði sótt.

- Ef nemandi mætir of seint í tíma er það skráð í Mentor sem of seint.
- Ef nemandi mætir þegar kennslustund er hálfnuð telst hann hafa verið fjarverandi.
- Kennarar kanna hvort barn sem vantar sé skráð á upplýsingatöflu, ef ekki láta þeir skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra vita og annar þeirra hringir heim og spyrst fyrir um nemandann.